

Hlutverk Landgræðslunnar og helstu verkefni:

- Verndun og endurheimt landkosta s.s. stöðvun jarðvegsrofs, gróðurvernd, hefting landbrots, uppgræðsla lands og sjálfbær landnýting.
- Vöktun á ástandi og framvindu gróðurs og jarðvegs og eftirlit með landnýtingu.
- Gerð landgræðsluáætlana og mat á árangri.
- Varðveisla gagna um landgræðsluvæði og skráning aðgerða.
- Rannsóknir og þróunarstarf.
- Fræðsla og ráðgjöf um landgræðslu og landnýtingu.
- Aðþjódlegt samstarf á sviði landgræðslumála.

Héraðssetur Landgræðslunnar og starfsmenn sem sinna BGL verkefnum:

Hvanneyri	<i>Þórunn Pétursdóttir</i>	488 3046
Hólar	<i>Bjarni Maronsson</i>	455 6372
Húsavík	<i>Stefán Skaftason</i>	464 1924
	<i>Daði Lange Friðriksson</i>	488 3045
	<i>Sigurlína Tryggvadóttir</i>	
	<i>Þorlákur P. Jónsson</i>	894 7744
Egilsstaðir	<i>Guðrún Schmidt</i>	471 2121
Kirkjubæjarklaustur	<i>Elín Heiða Valsdóttir</i>	487 4875
	<i>Ulla Pedersen</i>	
Gunnarsholt	<i>Garðar Þorfinnsson</i>	488 3040
	<i>Gústav Ásbjörnsson</i>	488 3039
Árnes	<i>Sigrúður Jónsdóttir</i>	488 3047
Skrifstofa Landgræðslunnar Gunnarsholti		488 3000

Héraðssetur Landgræðslunnar



Vefsíða
Landgræðslunnar:
www.land.is

Bændur græða landið



Fréttabréf 2007

Ábm: Sigrúður Jónsdóttir

Landgræðsla ríkisins

Vörslumenn landsins

Örlagasaga gróðurs og jarðvegs hefur ætíð verið samofin högum Íslendinga og allt fram á okkar dag hefur náíð samhengi ríkt á milli velferðar lands og þjóðar. Gróðri hnignaði ört á 12. og 13.öld og sjálfstæði þjóðarinnar glataðist. Sífelld seig á ógæfuhliðina á báðum vígstöðvunum.

Þegar kemur fram yfir miðja 19. öldina fer að birta til í þjóðmálunum. En gróðursaga 19. aldarinnar var mörkuð mikilli landhnignun, ofbeitt, uppblæstri og sandfoki, sem lék mörg héruð grátt. Undir lok aldarinnar var þó gripið til varna af bændum. Þótt af vanefnum væri ruddi það brautina, því fyrir 100 árum voru sett lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Þau marka upphaf hins eiginlega landgræðslustarfs á Íslandi.

Við margvíslega erfiðleika var að etja í upphafi, ekki síst vegna fordóma og vantrúar á að til einhvers væri að „vinna móti guðs vilja“. En bændur hafa ávallt verið fúsir til að leggja hönd á plóginn og þegar efna-hagslegur styrkur þeirra jókst tóku þeir æ meiri þátt í landgræðslustarfi á jörðum sínum. Árið 1990 hófst formlegt samstarf bænda og Landgræðslunnar undir kjörorðunum „bændur græða landið“, BGL.

Mörg sveitarfélög styrkja verkefnið, Áburðarverksmiðjan, fjárveitingarvaldið o.fl. Landgræðslan hefur unnið ötullega að því að efla grasrótarstarf í landgræðslu og gróðurvernd og flytja verkefni heim í héruð. BGL er eitt best heppnaða og langstærsta verkefnið sem Landgræðslan kemur að og hefur skilað miklu í uppgræðslu landsins. Við viljum fjölga þátttakendum, auka áburðarmagn hjá þeim sem hafa aðstæður til að taka stærri skref, en til þess þarf auknar fjárveitingar.

Við Íslendingar höfum ærin tækifæri til að skila afkomendum okkar betra landi. BGL-bændur eru sannir vörslumenn landsins. Ég vil þakka þeim samstarfið og frábærar móttökur þegar starfsfólk okkar ber að garði. Við erum ríkari af visku og reynslu af samskiptum við þá.

GRÆÐUM ÍSLAND,
Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri.

Fréttir af verkefninu

Þátttakendum í verkefninu „Bændur græða landið“, fjölgar enn og var virkni þeirra ágæt árið 2006. Skráðir þátttakendur eru nú 650 og á síðasta ári notuðu þeir 1.193 tonn af áburði til landgræðslu í verkefninu og sáðu 9.870 kg af fræi, langmest af því var húðað grasfræ.

Áætlað er að þessi vaski hópur bænda hafi unnið að uppgræðslu á rúmlega 6.000 ha lands á síðasta ári.

Vinna er hafin við kortlagningar á uppgræðslusvæðum bænda í verkefninu og hefur hún farið vel af stað.

Bændur hafa verið einstaklega samvinnufúsir, tekið vel á móti starfsmönnum og sýnt verkinu áhuga og skilning, enda lyklatríði svo verkið sé framkvæmanlegt.

Þess er vænst að kortlagningin skili sér í markvissari vinnu bænda og mun öruggari yfirsýn Landgræðslunnar yfir stöðu og árangur BGL á landsvísu.

Rannsóknir hafa sýnt að við uppgræðslu binst kolefni í gróðri og jarðvegi en bindingin er mismikil eftir aðstæðum. Í rannsóknum Landgræðslunnar var m.a. mæld kolefnisbinding á þremur BGL svæðum.

Uppgræðslusvæði á Hólum á Rangárvöllum, Hekla í baksýn. Ljós. ÁLA.



Breytingar á BGL

Ákveðið hefur verið að gera breytingar á verkefninu „Bændur græða landið“. Núverandi þátttakendur eiga nú kost á að sækja um aukningu, yfir 3 tonn af áburði á ári, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Umsóknum verður forgangsraðað eftir ástandi landsins, markmiðum með uppgræðslunni og hvort búseta er á viðkomandi jörð. Þeir sem vinna að verkefnum með 3 tonn eða meira, sækja eins dags námskeið í landgræðslu sem haldin verða á vegum Landgræðslunnar og vinna landbótaáætlun fyrir jörð sína. Fullgerð landbótaáætlun veitir rétt til styrks úr Búnaðarlagasjóði. Allir þátttakendur í verkefninu sem nú njóta stuðnings sem svarar til meira en 3 tónna af áburði á ári þurfa að uppfylla þessi sömu skilyrði. Styrklutfall verður áfram það sama til allra þátttakenda, án tillits til stærðar verkefna.

Þegar landbótaáætlun liggur fyrir er gerður samstarfssamningur milli bónda og Landgræðslunnar um verkefnið til nokkurra ára.

Margir þátttakendur eiga stórt land sem þarfnast aðhlyningar og hafa bæði aðstæður og áhuga á að glíma við stærri verkefni, en skortur á fjármagni hefur sett þeim hömlur. Með þessu er gerð tilraun til að bregðast við áhuga og þörf en jafnframt eru gerðar heldur meiri kröfur til þessara þátttakenda. Þeir sem vilja sækja um aukningu eru hvattir til að hafa samband við næsta héraðsfulltrúa eða umsjónarmann verkefnisins.

Birkitorfa í BGL. Ljós. SJ.

